

## Nefndarálit

### um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pétur Gunnarsson frá utanríkisráðuneyti og Ernu Hjaltested, Gunnlaug Helgason og Mörtu Margréti Rúnarsdóttur frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og að fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/14/ESB frá 21. maí 2013 um breytingu á tilskipun 2003/41/EB um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri, tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) og tilskipun 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða að því er varðar oftraust á lánsþæfismöt.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/91/ESB frá 23. júlí 2014 um breytingu á tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) að því er varðar störf vörsluaðila, starfskjarastefnu og viðurlög.

Sex mánaða frestur samkvæmt EES-samningnum til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 10. ágúst 2019. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 7. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Með tilskipun 2013/14/ESB eru gerðar breytingar á þremur tilskipunum á sviði sjóða, þ.e. tilskipun 2003/41, um starfstengda eftirlaunasjóði, tilskipun 2009/65, um verðbréfasjóði (sem nefnd er UCITS IV), og tilskipun 2011/61, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í tilskipuninni er kveðið á um að lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir og fagfjárfestasjóðir skuli ekki notast eingöngu við lánsþæfismatseinkunn þriðja aðila þegar áhætta við mat á fjárfestingu er metin. Markmiðið er að auka gæði fjárfestinga nefndra sjóða og auka fjárfestavernd. Gerðin hefur engin áhrif á íslenska lífeyrissjóði.

Með tilskipun 2014/91/ESB (UCITS V) eru gerðar breytingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS IV). Tilskipuninni er ætlað að bæta upp þá veikleika sem hafa komið í ljós í UCITS IV-regluverkinu og sem leitt hafa til eignataps fyrir fjárfesta. Þá er leitast við að auka öryggi fjárfesta með ákvæðum um skýrara hlutverk vörsluaðila, nýjum reglum sem fela í sér að rekstrarfélögum beri að setja sér sérstaka starfskjarastefnu fyrir starfsmenn og aðra aðila sem taka ákvarðanir sem hafa áhrif á áhættutöku verðbréfasjóða og rekstrarfélaga og með ákvæðum um samræmingu á lágmarksvaldheimildum eftirlitsaðila.

Innleiðing tilskipananna kallar á lagabreytingar og er gert ráð fyrir að fjármála- og efnahagsráðherra leggi á haustþingi 2019 fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, auk afleiddra breytinga.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 3. apríl 2019.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,  
form.

Logi Einarsson,  
frsm.

Ari Trausti Guðmundsson.

Bryndís Haraldsdóttir.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Rósa Björk Brynjólfsson.

Silja Dögg Gunnarsdóttir.

Smári McCarthy.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.